

Stjórnarfundur nr. 13
17. febrúar 2010 kl.16:30 á skrifstofu HRFÍ

Mættir: Björn Ólafsson, Friðrik Lunddal, Jóna Th. Viðarsdóttir og Valgerður Júlíusdóttir. Auður Sif Sigurgeirsdóttir boðaði forföll.

1. Staðall íslenska fjárhundsins, FCI-Standard N 289

Samantekt á vinnuferli við nýtt ræktunarmarkmið fyrir íslenskan fjárhund.

Fundur var haldinn að lokinni sýningu Deildar íslenska fjárhundsins í Ölfushöllinni í september 2006. Á fundinn mættu Nox Rhine þáverandi form. Isaa í Bandaríkjunum, Hans Áke Sperne, Guðrún Guðjónsen, Þorsteinn Thorsteinsson stjórnarmaður í díf, Guðríður Þ. Valgeirsdóttir og Jóna Th. Viðarsdóttir. Dagskrá fundarins var að ræða stöðu íslenska fjárhundsins í Bandaríkjunum. Þar greindi menn á um útlit hundsins og ekki á eitt sáttir við að fylgja eftir ræktunarmarkmiði HRFÍ /FCI. Hafði fólk utan Isaa komið fram með annað ræktunarmarkmið. Fundarmenn voru sammála um , að á þeim tímapunkti hefði verið til mikilla bóta að skýringar við ræktunarmarkmið hundsins hefðu verið til á ensku. Nokkru síðar barst bréf frá Guðrúnu Guðjónsen til Guðríðar og Jónu þar sem hún segir m.a. :

*„ Það er því tillaga mín að HRFÍ skipi nefnd til að vinna frumgerð að slíkum útskýringum fyrir HRFÍ og DÍF.
Þetta yrði þriggja manna fagnefnd skipuð Kenneth Edh, Hans Áke og undirritaðri.
Þessir aðilar eru tilbúnir að fara í þessa vinnu, sé þess óskað. ”*

Aðstoð við þessa vinnu var velþegin af HRFÍ .
Næsta sem gerðist var svo, að fundur var haldinn á Geysi 1.nóvember 2006.

Fundargerð:

*A meeting held on Geysir, 1st of November 2006
Present: Gudrún Gudjohnsen, Hans -Áke Sperne og Kenneth Edh which form a committee on behalf of HRFÍ to work on breed compendium regarding the breed standard for the Icelandic sheepdog. From the board of díf : Thorsteinn Thorsteinson chairman and Stefanía Sigurdardóttir. On behalf of HRFÍ and díf Gudríður. Valgeirsdóttir*

Notes from the meeting.....

Goal

Breed compendium in English

Guidelines? – professional level, that is for all breeders and judges.

HRFÍ / díf goals: Clarify the standard, English

Cynological („ kynologi " in Swedish) / terminology . For better understanding.

Fenotype!! (genotype we don´t know)

Suggestion: Ready in one year from the committee; ready to print in spring 2008

Rolls / responsibility – schedule.

Kenneth Edh will translate the text in a good English.

The work should take about a year.

- *Committee: one year for suggestion. Checkup meeting in six mounths.*
- *HRFÍ: costs?*
- *díf: Photos - not linked to any breeder in Iceland. Drawings-data manipulate Photos as objective as possible, body and head.
Perhaps use pictures of dogs which are dead and not to mention any names.*

Hans-Åke and Kenneth Edh are going to find good pictures of related spitz dogs.

*Breed typical details?
Other breeds? ...*

Noble mark!

A lot of discussion about dew-claws.

“Dew-claws for what?”

*Start a discussion about different view of dewclaws : Why do people mean they are so important. Where do they come from? Why and how do people know?
What is the reason for the dogs to have double dew-claws?*

What if one dew claw is missing?

Ideas:

Disc.: 0

Serious fault: 3rd prize.

Fault: first or second , even ok.

Myths are nice breed stories (cultural) but not scientific facts.

Not base the breeding of the Icelandic sheepdog for the future on myths, rather gather facts.

“In the old days”.... Science

Everyone should understand.

There should be a contact person for this project (task) between the committee on the other hand and HRFI/díf.

Guðridur Valgeirsdóttir

Kom fram hjá nefndarfólki að etv. kæmu frá þeim tillögur að breytingum á ræktunarmarkmiðinu samfara skýringavinnunni.

Næst fundað um málið á skrifstofu HRFÍ 23.2. og 24.2. 2009.

Mættir voru nefndarmenn, stjórnarmenn í díf, Jóna Th. Viðarsdóttir og Guðríður Þ. Valgeirsdóttir. Lögðu þau Guðrún, Hans Åke og Kenneth Ed fram sínar tillögur að breyttu ræktunarmarkmiði á ensku. Þar var farið yfir tillögurnar lið fyrir lið og fundarmenn sammála um niðurstöðuna. En eftir þennan fund og við nánari umfjöllun voru stjórnarmenn í díf ekki sáttir við það sem hafði verið samþykkt og lögðu mikla vinnu í að yfirfara tillögurnar og skilgreina sínar athugasemdir sem voru síðan sendar til nefndarfólks, Jónu Th. Viðarsdóttur og Guðríðar Þ. Valgeirsdóttur. Síðan þá hafa verið haldnir margir fundir og mikil vinna lögð í að vanda til verksins og gera ræktunarmarkmiðið á sem bestan veg fyrir þjóðarhundinn. Að þeirri vinnu komu: Guðrún Guðjónsen, Hans Åke Sperne, Kenneth Ed, Sigríður Pétursdóttir, Guðríður Þ. Valgeirsdóttir og Jóna Th. Viðarsdóttir. Að lokum var svo haldinn fundur 10. febrúar, 2010 á skrifstofu Hundaræktarfélagi Íslands, Síðumúla 15.

Erindi fundarins var að ræða og skiptast á skoðunum um endanlega tillögu að endurskoðuðu og breyttu ræktunarmarkmiði fyrir íslenskan fjárhund.

Á þennan fund mættu stjórnarfolk Deildar íslenska fjárhundsins:

Guðni Ágústsson formaður, Þorsteinn Thorssteinsson ritari, Elís E. Stefánsson gjaldkeri, Helga Andrésdóttir meðstjórnandi og Ágúst Ágústsson meðstjórnandi, ásamt Guðrúnu Guðjónsen, Sigríði Pétursdóttur, Jónu Th. Viðarsdóttur formanni HRFÍ og Guðríði Þ. Valgeirsdóttur tengilið stjórnar HRFÍ og stjórnar díf. Samþykkt var í lok fundarins tillaga að nýju ræktunarmarkmiði fyrir íslenskan fjárhund og síðan væri það stjórn HRFÍ sem tæki endanlega ákvörðun í málinu, Sigríður Pétursdóttir og Guðríður Valgeirsdóttir tóku að sér að þýða markmiðið á íslensku. Ræktunarmarkmiðið var svo sent til Jeffrey Cosser löggilts skjalapýðanda og dómtúlks til yfirlestrar. Í upphafi

verksins var ráðgert að ljúka fyrrgreindi vinnu á 40 ára afmælisári Hundaræktarfélags Íslands.

Guðríður Þ. Valgeirsdóttir
tengiliður stjórnar HRFI og díf.

2. **Dómarar á vinnuprófum vinnuhundadeildar árið 2010, boðaðir voru Albert Steingrímsson, Sigríður Bílddal, Valgerður Júlíusdóttir, Björn Ólafsson, Monika Karlsdóttir og Lilja Dóra Halldórsdóttir sem hefur verið að vinna að breytingum á prófreglum. Albert og Monika tilkynntu forföll.**

Mættir: Sigríður Bílddal, Björn Ólafsson og Valgerður Júlíusdóttir.

Samþykkt að boða alla dómara félagsins á fund með stjórn vinnuhundadeildar.

Umræðuefnið er:

- **Framkvæmd prófa**
- **Samræming á dómarastörfum**
- **Þjálfun starfsmanna (dómara, prófstjórar og ritarar) - gátlisti**
- **Frágangur prófa (gátlisti)**

3. **Stofun sérdeildar fyrir sankti bernharðshunda – senda til vísindaráðs.**

Fundi slitið,

Valgerður Júlíusdóttir, ritaði.